

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10,
150 Reykjavík

Reykjavík 15. maí 2012

Efni: Umsögn um lagafrumvarp, mál 748, frumvarp til laga um Ríkisútvarpið, fjölmiðil í almannapágu

Almennt:

Í frumvarpinu er m.a. mælt fyrir um sérstaka vernd í starfi fyrir starfsmenn fréttastofu og dagskrárgerðarmenn, sbr. 12. gr. frumvarpsins. Þar segir: “**Réttindi og skyldur starfsmanna fréttastofu og dagskrárgerðarmanna.**

Útvarpsstjóri setur starfsreglur fyrir starfsmenn fréttastofu og dagskrárgerðarmenn Ríkisútvarpsins og skilyrði áminningar og brottreksturs, þar sem m.a. er kveðið á um að málefnalegar ástæður þurfi ætíð að liggja að baki brottrekstri starfsmanns. Telji starfsmaður ástæður brottrekstrar ekki málefnalegar á hann rétt á skriflegri skýringu.”

Mikilvægt er að vernd og starfsöryggi starfsmanna hjá RÚV ohf. sé aukið. BHM hefur gagnrýnt það að láta lög um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna nr. 70/1996 ekki gilda um starfsmenn RÚV ohf. þar sem kveðið er á um sérstakt áminningarferli, vilji atvinnurekandi segja starfsmanni upp á grundvelli ávirðinga. Þá hefur BHM gagnrýnt að stjórnarsýslulög og upplýsingalög eigi ekki að gilda um RÚV ohf. og leggur til að því verði bætt inn í frumvarpið að þau lög gildi um RÚV ohf.

Athugasemdir við 12. gr.:

Í **fyrsta lagi** er gerð athugasemd við það að mælt sé fyrir um að útvarpsstjóri setji starfsreglur fyrir starfsmenn fréttastofu og dagskrárgerðarmenn Ríkisútvarpsins og skilyrði áminningar og brottreksturs, þar sem m.a. er kveðið á um að málefnalegar ástæður þurfi ætíð að liggja að baki brottrekstri starfsmanns.

Tillagan felur það í sér að útvarpsstjóra er gefið vald til að ákveða einhliða hvernig þær starfsreglur munu líta út. Geti sú tillaga ekki verið í samræmi við tilgang þeirrar sérstöku verndar og réttaröryggis sem starfsmennirnir eiga að njóta samkvæmt

frumvarpinu. Mikið er í húfi fyrir starfsmenn og því mikilvægt að samráð sé haft við þá um gerð reglnanna.

Tillaga 1: Lagt er til að kveðið sé á um skilyrðin sem eiga að gilda um starfsöryggi, áminningar, uppsögn o.fl. í reglugerð á vegum Mennta-og menningarmálaráðuneytis.

Tillaga 2: Að kveðið sé á um að útvarpsstjóri vinni að starfsreglum í samráði við starfsmenn fréttastofu og dagskrárgerðarmanna eða fulltrúa þeirra.

Í **öðru lagi** er gerð athugasemd við hugtakanotkunina „*brottrekstur*“ í 1. mgr. 12. gr., sem í vinnurétti telst til fyrirvaralausrar brottvísunar úr starfi og riftun á ráðningarsamningi hans. Mikilvægt er að gera greinarmun á hugtökunum „*brottrekstur*“ og „*uppsögn*“.

Í frumvarpinu er kveðið á um brottrekstur en í athugasemdum með 12. gr. er bæði fjallað um brottrekstur og uppsögn.

Þá er í **þriðja lagi** mikilvægt að kveðið sé á um rétt starfsmanns til að koma að sínum sjónarmiðum og bæta sig í starfi áður en kemur til uppsagnar eða brottreksturs.

Í **fjórða lagi** er gerð athugasemd við það að verndin sem kveðið er á um í frumvarpinu sé ekki ætlað að ná til annarra starfsmanna RÚV ohf.

Markmiðið með 12. gr. frumvarpsins er aukin vernd og starfsöryggi. Það næst ekki nema gerð verði orðalagsbreytingar á frumvarpsgreininni og er lagt til að 12. gr. orðist svo:

„Útvarpsstjóri¹ setur starfsreglur fyrir starfsmenn fréttastofu og dagskrárgerðarmenn Ríkisútvarpsins² og skilyrði áminningar og uppsagnar og brottreksturs, þar sem m.a. er kveðið á um að málefnalegar ástæður þurfi ætíð að liggja að baki uppsögn og brottrekstri starfsmanns og að hann eigi rétt á því að koma að sínum sjónarmiðum og fá tækifæri til að bæta sig í starfi áður en til uppsagnar eða brottrekstrar kemur.

Telji starfsmaður ástæður uppsagnar eða brottrekstrar ekki málefnalegar á hann rétt

¹ Sjá tillögu 1 um að það sé reglugerðarheimild Mennta-og menningarmálaráðherra.

² Sjá fjórðu athugasemd um að verndin eigi ekki að gilda um alla starfsmenn RÚV ohf.

Útvarpsstjóri skal semja starfsreglurnar í samráði við starfsmenn fréttastofu og dagskrárgerðarmanna eða fulltrúa þeirra “

Að lokum er gerð athugasemd við orðalag í athugasemdum með 2. mgr. 12. gr. frumvarpsins:

„... þar sem það getur verið mjög íþyngjandi fyrir hann að hafa neikvæða skýringu í farteskinu þegar hann sækir um starf síðar meir.“

Erfitt er að átta sig á þessum rökum þar sem það er uppsögnin, brottreksturinn og þau meðmæli sem atvinnurekandi gefur starfsmanni, sem er fyrst og fremst íþyngjandi fyrir starfsmanninn og gæti haft áhrif á möguleika hans til að fá önnur störf síðar meir. Það að óska eftir rökstuðningi ætti ekki að hafa nein áhrif á möguleika hans til að fá önnur störf síðar meir þrátt fyrir að skýringin sem starfsmaður fái sé neikvæð. Með orðalaginu í athugasemdum er löggjafinn að gefa það sterklega í skyn að starfsmaður ætti síður að fara fram á rökstuðning þar sem það gæti haft áhrif á möguleika hans til að fá önnur störf. Það er í hæsta máta óeðlilegt að þetta orðalag sé þarna í textanum og ætti að fjarlægja það.

Athugasemdir við 14. gr.:

Varðandi 14. gr., sem er um tekjustofna Ríkisútvarpsins, ber að fagna því að tekjustofn RÚV sé markaður betur í nýju lögunum. Síðustu árin hefur ríkið tekið hluta af útvarpsgjaldinu undir aðra starfsemi, þannig að í raun var RÚV á fjárlögum. Slíkt kerfi sætti mikilli gagnrýni, meðal annars frá erlendum sérfræðingum í fjölmiðlafræði, sem talið hafa að með því væri sjálfstæði Ríkisútvarpsins sem fjölmiðils skert. Þess vegna er því fagnað að skilningur sé á þessu miðað við athugasemdir frumvarpsins.

Virðingarfyllst,

f.h. Félags fréttamanna og BHM



Stefán Aðalsteinsson, framkvæmdastjóri.